

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar í Eyjafjarðarsveit.

#### *Bakkatröð.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 14. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bakkatröð. Breytingin lýtur að hliðrun lóðarmarka lóða 11, 13, 19 og 21 auk þess sem lóðarmörkum lóðar nr. 9 er hliðrað um 2,5 m til austurs og flatarmál raðhúsalóðar 26-30 er leiðrétt. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Eyjafjarðarsveitar, 24. febrúar 2021,*

**Vígús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2021